



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Jónas Vigfússon
Eyjafjarðarsveit
Syðra-Laugarlandi
601 Akureyri

Málefni: Breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku.

Samkvæmt bókun á skipulagsnefndarfundum Eyjafjarðarsveitar 30. mars 2010 var óskað eftir umsögn Veiðimálastofnunar á nokkrum efnistökusvæðum sem óskað hafði verið eftir að bætt yrði inn á aðalskipulag sveitarfélagsins eftir kynningarfund sem haldinn var 23. mars 2010. Veiðimálastofnun hefur nú skoðað þá staði sem um ræðir og gefur eftirfarandi umsögn um þá:

1. Landeigandi Möðruvalla óskar eftir að settar verði inn á aðalskipulag fjórar námur á hans landi.
 - a) Náma við merki milli Helgastaða og Möðruvalla er á föstu landi það langt frá ánni að Veiðimálastofnun hefur ekkert um hana að segja.
 - b) Náma í áreyrum norðan Þjóðvegur, austan við Stíflubru. Veiðimálastofnun leggst ekki gegn því að áreyri þar verði sett inn á aðalskipulag sem mögulegt efnistökusvæði. Alls ekki má taka efni úr árfarveginum sjálfum eins og nýlega hefur verið gert, slíkt getur stuðlað að enn frekara landbroti á vesturbakka árinna en þar þyrfti að fara í aðgerðir gegn landbroti samhliða mögulegri efnistöku. Á þessum stað mætti taka allt að 10-12 þúsund rúmmetra af efni, en ekki er æskilegt að farið verði inn á gróinn bakka.
 - c) Náma í áreyrum vestan ár, sunnan við Stíflubru. 2. apríl 2007 gerði Veiðimálastofnun umsögn um efnistöku á þessum stað þar sem ekki var mælt gegn efnistöku að uppfylltum skilyrðum um framkvæmdir á svæðinu varðandi landbrotsvarnir. Þeim skilyrðum hefur ekki verið fylgt eftir með fullnægjandi hætti. Einnig kemur fram í umsögninni að það sé “óæskilegt fyrir lífríki árinna að mól verði tekin á þessum stað með reglubundnu millibili”, var umsögnin miðuð við að efnistaka færi fram og yrði lokið á árinu 2007 ásamt fullnægjandi frágangi og

mótvægisáðgerðum. Því mælir Veiðimálastofnun gegn því að staðurinn verði settur inn á aðalskipulag nú.

d) Náma í áreyrum norðan Núpár. Núpá er svo gott sem eina ósnortna hliðará Eyjafjarðarar en hliðararnar hafa einna bestu búsvæði fyrir seiði á vatnasvæðinu (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Friðþjófur Árnason, VMST/08033). Í því ljósi telur Veiðimálastofnun ekki æskilegt að setja inn á aðalskipulag mögulegan efnistökuastað við Núpá. Ef staður væri settur þar inn yrði hann að vera í nyrðri jaðri eyranna og ekki æskilegt að hann væri nær árfarvegi en 200m. Halli lands á þessu svæði er ekki mikill og því mætti efnistaka ekki ná djúpt niður. Öll framkvæmd og frágangur yrði að vera með þeim hætti að ekki væri hætta á að áin leitaði ofan í far efnistökkunnar að henni lokinni.

2. Vegagerðin óskar eftir því að settir verði inn á aðalskipulag fjórir nýir efnistökuastaðir.

a) Sá efsti er við Hrísar. Þar hefur land breyst nokkuð síðan loftmynd sem Vegagerðin styðst við var tekin. Veiðimálastofnun leggst ekki gegn því að mögulegur efnistökuastaður í eyrinni sunnanverðri verði inni á aðalskipulagi. Samhliða efnistöku þar þyrfti að fara í bakkavarnir við vesturbakkann. Veiðistaður er rétt hjá þessu svæði og ef sótt verður um framkvæmdarleyfi á þessum stað verður útfærsla framkvæmdarinnar að taka tillit til þess að honum verði ekki raskað. Ekki væri æskilegt að taka meira en 8 þúsund rúmmetra á þessu svæði.

b) Staðirnir tveir sem Vegagerðin bendir á sem mögulega efnistökuastaði framan við Melgerðismela eru báðir á nokkuð grónu landi þar sem töluvert fuglalíf er, við vettvangsathuganir á svæðinu sáust gæsaheiður auk fjölmargra annarra fuglategunda í varpundirbúningi. Efnistöku á þessu svæði myndi fylgja mikið rask á búsvæðum þessara fugla og þyrfti að afmarka vinnslutíma og umfang framkvæmda þar verulega. Mögulegur efnistökuastaður norðan Stíflubúar sem fjallað var um í lið 1.a) hér að ofan er mjög nálægt þessum stöðum og ekki er æskilegt að hafa tvo staði svo nálægt hvor öðrum inni á aðalskipulagi.

c) Vegagerðin óskar eftir því að settur verði inn á aðalskipulag mögulegur efnistökuastaður í landi Bringu. Á því svæði hlykkjast áin nokkuð, eyrar eru sitt á hvað við vestur- og austurbakka árinna og landbrot víða að sjá. Á eyri við vesturbakkann, rétt fyrir ofan umrædda eyri, hefur greinilega verið tekið efni nýlega. Veiðimálastofnun benti í skilagrein sem gerð var vegna aðalskipulagsvinnunnar (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-G/08008) á aðra eyri við vesturbakkann sem mögulegan efnistökuastað, sú eyri er aðeins neðar. Vegagerðin vill setja inn stað að austanverðu til að geta notað efni í uppbyggingu vegar þeim megin. Eyrin sem þeir falast eftir er nokkuð gróin, eyrin fyrir neðan hana væri æskilegri til efnistöku eða önnur hvor eyrin á vestur bakkanum. Veiðimálastofnun telur ekki æskilegt að hafa mögulegt

efnistökusvæði á aðalskipulagi á fleiri en einum stað á þessum kafla. Verði settur inn nýr efnistökuastaður við austurbakkann verður að taka út stað ES16 á núverandi drögum að aðalskipulagi í staðinn. Magn efnis færi eftir því hvaða eyri væri valin en yrði aldrei meira en 30 þúsund rúmmetrar.

- d) Vegagerðin óskar einnig eftir því að settur verði inn á aðalskipulag mögulegu efnistökuastaður á áreyrum Finnastaðaár neðan við Finnastaðaveg. veiðimálastofnun setur sig ekki upp á móti því svo framarlega sem efnistökuvæðið verði eins langt og mögulegt er frá árfarveginum, efni verði ekki tekið dýpra en 1,5 metra niður og framkvæmd verksins og frágangur verði með þeim hætti að ekki sé hætta á að áin leiti ofan í far efnistöku að henni lokinni. Efnismagn væri allt að 15-18 þúsund rúmmetrar.
3. Landeigandi Rauðhúsa óskar eftir því að mögulegt efnistökuvæði verði sett inn á aðalskipulag sunnan Djúpadalsár neðan Þjóðveggar. Veiðimálastofnun mælir ekki gegn því svo framarlega sem ekki verði snert við farvegi árinna. Bakki árinna yrði eftir framkvæmd sá sami og nú er og því væri efnisnáman grunn, ekki yrði farið neðar en vatnsborð árinna er. Efnismagn væri allt að 8-10 þúsund rúmmetrar.
 4. Óskað hefur verið eftir því að setja inn á aðalskipulag mögulega efnisnámu í Djúpadalsá í landi Hvassafells, það svæði er á ófiskgengum hluta árinna og leggst Veiðimálastofnun ekki gegn því. Rennsli árinna hefur breyst umtalsvert á þessu svæði undanfarið og færu framkvæmdir á því saman með aðgerðum til varnar landbroti. Þrátt fyrir að svæðið sé ekki fiskgengt verður öll framkvæmd og frágangur að vera með sama hætti og á fiskgengum hlutum. Varast verður að framburður verði mikill í ánni og þá sér í lagi á veiði- og hrygningartíma. Efnismagn væri allt að 8 þúsund rúmmetrar.
 5. Landeigendur á Munkaþverá og Teigi hafa óskað eftir því að sandeyrum í landi þeirra verði bætt inn á aðalskipulag sem mögulegum efnistökuvæðum. Svæði þessi eru sitthvoru megin við efnistökuvæði ES17-ES20 í drögum að aðalskipulagsbreytingum en lítið er á þau sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna. Þar er sett sem skilyrði að samanlögð efnistaka á svæðunum verði að hámarki 50 þúsund rúmmetrar á hverju tveggja ára tímabili. Veiðimálastofnun mælir ekki gegn því að þetta svæði verði stækkað svo eyrarnar sem um ræðir í landi Munkaþverár og Teigs nái inn á það. En heildarmagn mögulegrar efnistöku verði það sama og áður á svæðinu í heild.
 6. Landeigendur Ytra-Gils og Syðra-Gils óska eftir að möguleg efnisnáma verði sett inn á aðalskipulag fyrir landi þeirra og nota sem rök að náma við

Vagli sé á skipulaginu. Taka skal fram að Veiðimálastofnun mælti eindregið gegn því að náma við Vagli væri inni á aðalskipulagi. Hún er samt inni í fyrirbyggjandi tillögum en við hana eru þó fyrirvarar um að ekki verði veitt þar framkvæmdarleyfi á næstu árum þar sem mikið efni hefur verið tekið þar undanfarin ár. Það efnisnám hefur m.a. haft þau áhrif að Eyjafjarðará rennur nú í auknum mæli í kvíslinni vestan Staðareyjar en austurkvíslin er nánast þurr. Efnisnám við Ytra- og Syðra-Gil myndi viðhalda þeim áhrifum enn frekar og getur Veiðimálastofnun því ekki mælt með að náma þar verði sett inn á aðalskipulag að sinni. Veiðimálastofnun bendir jafnframt á að rök mæli með því að fjallað sé með sama hætti um Ytra- og Syðra-Gil og Vagli í aðalskipulagi þar sem um er að ræða sama árkafla með tilliti til efnistöku.

Undirrituð bentu á nokkur möguleg efnistökusvæði við Eyjafjarðará í skilagrein (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-G/08008). Þau svæði sem þar var bent á voru að okkar mati einu svæðin sem kom til greina að hafa inni á aðalskipulagi, ekki var reiknað með að þau svæði sem þegar voru á aðalskipulagi yrðu einnig á nýja skipulaginu og miðuðust tillögur Veiðimálastofnunar við það. Tvö stærstu svæðin sem þar voru inni eru í deiliskipulagsferli og við Vaglir hafa verið settir inn fyrirvarar um að þar verði ekki tekið efni næstu árin.

Í kynningarferli um breytingar á aðalskipulagi bárust óskir frá landeigendum og Vegagerðinni um að 12-13 svæði til viðbótar yrðu sett inn á aðalskipulag. Við höfum hér að ofan gert grein fyrir afstöðu okkar til þeirra svæða en áréttum að aðeins er um mögulega efnistökuastaði að ræða og ekki reiknað með að námur verði opnaðar á öllum þessum stöðum á aðalskipulagstímanum. Mikilvægt er að litið sé heildrænt á allt vatnasvæðið. Efnisnámur við ár eiga að heyra til undantekninga og þó mögulegt efnistökusvæði sé inni á aðalskipulagi er ekki þar með sagt að gefið verði framkvæmdarleyfi þar m.a. vegna þess að árfarvegur breytir sér ört og aðstæður geta orðið þannig að ekki sé æskilegt að fara í efnisnám á tilteknum stað þegar þar að kemur.

Einnig skal áréttað að flest þau efnistökusvæði sem við teljum möguleg við ána og eru inni í drögum um aðalskipulagsbreytingar eru tímabundin. Aðeins má taka tiltekið magn einu sinni á gildistíma aðalskipulagsins og/eða ákveðið hámarksmagn á tilteknum tíma, einnig skal leitast við að hafa námurnar opnar eins stutt og mögulegt er. Ekki má undir neinum kringumstæðum vinna efni úr árfarvegi á tímabilinu frá 1. maí til 1. nóvember vegna veiði í ánni og hrygningar fiska. Á efnistökuastaðum verði enn fremur leitast við að hreyfa alls ekki eða sem allra minnst við sjálfum farvegi árinna, í flestum tilfellum er talað um að taka efni úr áreyrum. Almennt skal miðað við að efnisnámur í áreyrum séu ekki dýpri en 2 metrar en við útgáfu framkvæmdaleyfa verði slíkt útlistað nánar. Umgengni á framkvæmdartíma skal háttáð þannig að þó að flóð komi í ána nái hún ekki að rífa með sér efnishauga eða flæða um vinnslusvæði. Ströngum reglum þarf að fylgja eftir hvað varðar malarþvott og annað sem líklegt er til að geta valdið umtalsverðum eða óþarfa skaða á lífríki vatns.

Þó möguleg efnistökusvæði séu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þarf eftir sem áður að afla tilskilinna leyfa fyrir allri efnistöku en á heimasíðu Fiskistofu stendur: “Ákvæði um leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar og efnistöku er að finna í 33. grein laga um lax- og silungsveiði, sem er svohljóðandi: “Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.” Einnig í sömu grein: “Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.” Fiskistofa getur krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi er veitt. Kostnaður vegna líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.” Þegar heimild Fiskistofu liggur fyrir þarf að afla framkvæmdarleyfis hjá viðkomandi sveitarfélagi.

17. maí 2010

Virðingarfyllt

Bjarni Jónsson
Veiðimálastofnun

Eik Elfarsdóttir
Veiðimálastofnun